

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 17. apríl kl. 12:00 var haldinn 107. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Dofri Hermannsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram Þriggja ára áætlun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2010-2012, drög dags. 15. 4. 2009. Jafnframt lögð fram upplýsingablöð um virkjanaáform og spár um þróun álverðs.

Framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir áætluninni.

Áætlunin samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Dofri Hermannsson óska bókað:

Við afgreiðslu 3 ára áætlunar er ekki hægt að líta fram hjá veikri stöðu íslensku krónunnar sem er sjálfstæður áhættuþáttur í rekstri fyrirtækisins.

Óvissa um gengisþróun krónunnar gerir því alla áætlunargerð mjög erfiða og skapar mikla óvissu um þróun á kennitölum fyrirtækisins.

Það er því mikið hagsmunamál fyrir OR, eins og flest fyrirtæki að í landinu verði tryggt viðskiptaumhverfi sem byggir á gjaldmiðli, sem er nothæfur með góðu móti, bæði í millilanda og lánaviðskiptum.

Annar áhættuþáttur í þriggja ára áætlun er óvissa um sölu á rafmagni úr 3 vélum af fimm sem gert er ráð fyrir að taka í notkun næstu ár. Í því ljósi og með vísan til þess að nú þegar er sala til stórnotenda alfarið bundið verði á áli, er áréttuð tillaga sem er í frestun frá 23. janúar þess efnis að „...skipaður verði starfshópur, sem falið verður að fara yfir þá kosti sem mögulegir eru í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera.“ Mikil nauðsyn er á að flýta þessari vinnu til að takmarka áhættu fyrirtækisins.

Því er sá dráttur sem orðið hefur á samþykkt tillögunnar harmaður.

2. Lagður fram samningur um kaup Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Íslenskri nýsköpun, dags. 12. mars 2009, ásamt afsali.

Samþykkt.

3. Ríkisábyrgðir – mál í meðförum ESA.

Lagt fram minnisblað forstjóra dags. 15. apríl 2009.

4. Heimssýningin EXPO 2010.

Lagt fram erindi utanríkisráðuneytisins dags. 18. mars 2009 varðandi stuðning Orkuveitu Reykjavíkur við þátttöku Íslands í EXPO 2010 í Shanghai í Kína, ásamt fylgigögnum.

Samþykkt að óska eftir umsögn stjórnar REI.

5. Staða innheimtumála.

Sviðsstjóri þjónustusviðs kom á fundinn og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði dags. 15. apríl 2009 um innheimtu orkureikninga.

Júlíus Vífill Ingvarsson vék af fundi kl. 13:30.

6. Lagt fram minnisblað Innri endurskoðanda OR til stjórnar og forstjóra, dags. 17. apríl 2009, varðandi sérstaka skoðun á viðskiptum garðyrkjudeildar OR.

Innri endurskoðandi og Auðunn Guðjónsson lögg. endurskoðandi frá KPMG komu á fundinn og gerðu grein fyrir minnisblaðinu.

Stjórn ákveður að vísa málinu til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til frekari rannsóknar og meðferðar.

7. Bætt þjónusta við viðskiptavinum.

Sviðsstjóri sölu kom á fundinn og gerði grein fyrir vefnum „Orkan mín“ og endurbótum á útliti og uppsetningu orkureikninga.

Bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fagnar þeirri auknu þjónustu sem viðskiptavinum fyrirtækisins býðst nú með rafrænum hætti á vefnum www.or.is undir nafninu Orkan mín. Þar geta viðskiptavinir skoðað orkureikninginn og notkun á rafmagni og heitu vatni. Með þeim myndræna samanburði, sem boðið er upp á eigin notkun og sambærilegra heimila, er viðskiptavinum gert auðveldara að gæta aðhalds í orkuútgjöldum heimilisins.

8. Önnur mál.

- Lagðar fram fundargerðir stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur 17. mars og 1. apríl 2009.
- Lagt fram svar við fyrirspurn Björns Bjarka Þorsteinssonar frá 27. febrúar 2009.
- Lögð fram svohljóðandi tillaga Gunnars Sigurðssonar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að kanna möguleika á tvöföldun starfa sumarafleysingafólks, með því m.a. að semja um framlög frá Vinnuálastofnun gegn ráðningu afleysingarmanna af atvinnuleysisskrá. Sérstaklega verði horft til þess að ráða í afleysingarstörf atvinnulausa framhaldsskólanema og háskólanema.

Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:50.

Guðlaugur G. Sverrisson

Björn Bjarki Þorsteinsson, Dofri Hermannsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir.